

Fimmtudaginn 14. mars 1974.

Nr.59 /1973: Aðalheiður Tryggvadóttir

(Vilhjálmur Árnason hrl.)

gegn

Sigurði M. Helgasyni, skiptaráðanda

í Reykjavík f. h. dánarbús Tryggva

Siggeirssonar

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torla-
son.

Erfðamál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Er málið skyldi tekið fyrir í Hæstarétti hinn 2. apríl 1973, kom áfrýjandi ekki fyrir dóm, og féll málið þá niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962. Áfrýjandi skaut málinu af nýju til Hæstaréttar með heimild í 36. gr. greindra laga með stefnu 13. apríl 1973. Krefst hún þess, að viðurkenndur verði erfðaréttur sinn eftir Tryggva Siggeirsson og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt.

Tryggvi Siggeirsson, Smiðjustíg 4 í Reykjavík, andaðist 14. mars 1967. Samkvæmt vottorði skiptaráðandans í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, fékk ekkja hans, Lára Guðlaugsdóttir, hinn 19. september 1967 leyfi til setu í óskiptu búi með tveimur fjárráða börnum þeirra, þeim Agnari Tryggvasyni og Helgu Tryggvadóttur. Hinn 8. ágúst 1969

ritaði Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður skiptaráðanda og krafðist þess vegna áfrýjanda og með skírskotun til 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878, að dánarbú Tryggva yrði tekið til skipta. Reisti hann kröfu sína á því, að áfrýjandi væri dóttir Tryggva, og bæri henni því arfur eftir hann.

Fyrir skiptarétti komu fram andmæli gegn kröfum áfrýjanda „vegna dánarbús Tryggva Siggeirssonar“, og var þess jafnframt krafist, svo sem nánar er rakið í hinum áfrýjaða úrskurði, að kröfum áfrýjanda yrði vísað frá skiptaréttinum að svo stöddu. Þeirri frávísunarkröfu hratt skiptaráðandi með úrskurði 30. janúar 1970. Var úrskurðinum ekki skotið til Hæstaréttar, en málinu haldið áfram fyrir skiptaréttinum. Áður en kröfu áfrýjanda um skipti væri ráðið til lykta fyrir skiptarétti, andaðist Lára Guðlaugsdóttir 17. mars 1972. Þar sem þá var lokið setu hennar í hinu óskipta búi, hlutu skipti að fara fram með erfingjum beggja hjóna, hvað sem annars leið þeim kröfum, sem áfrýjandi hafði áður gert um, að dánarbú Tryggva yrði tekið til skipta. Ekki var þó neitt aðhafst til að byrja þá skiptameðferð, svo að séð verði.

Í máli þessu krefst áfrýjandi þess sem sóknaraðili, svo sem endanleg kröfugerð hennar varð fyrir skiptaréttinum, að viðurkenndur verði arftökuréttur hennar eftir Tryggva Siggeirsson og hljóti hún sama arfahlut og önnur börn hans. Samkvæmt gögnum máls og úrskurði skiptaráðanda er varnaraðili um framangreinda kröfu áfrýjanda dánarbú Tryggva Siggeirssonar. Ekki verður séð, að skiptaráðandi hafi kannað það sérstaklega, hver væri afstaða einstakra erfingja Tryggva til arfskröfu áfrýjanda. Verður m. a. ekki ráðið af gögnum málsins, að erfinginn Agnar Tryggvason hafi nokkru sinni verið inntur eftir viðhorfi sínu til erfðatilkalls áfrýjanda. Þeir erfingjar í búinu, sem mótmæla vildu kröfum áfrýjanda, áttu að réttu lagi að vera varnaraðiljar í máli þessu. Viðhorf þeirra var ekki kannað á viðhlítandi hátt, svo sem áður segir. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Skiptaráðandi kvaddi til tvo löglærða samdómendur til að

úrskurða mál þetta með sér. Sú dómnefna studdist ekki við næga lagaheimild.

Það athugast, að skiptaráðanda hefur láðst að greina nægilega skilmerkilega í þingbók dómkröfur málsaðilja við munnlegan flutning málsins.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 6. maí 1972.

Í máli þessu, sem var tekið til úrskurðar 17. f. m. að loknum munnlegum málflutningi og að undangenginni gagnaöflun, gerir sóknaraðili, Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59 hér í borg, þær dómkröfur, að viðurkenndur verði arftökuréttur hennar eftir föður hennar Tryggva Siggeirsson þannig, að hún hljóti jafnan arfahlut við önnur börn Tryggva heitins. Einnig gerir hún kröfu til málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Lögmaður varnaraðilja mótmælti erfðarétti sóknaraðilja og að dánarbúið yrði skrifað upp og tekið til opinberra skipta.

Mál þetta er þannig til komið, að með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 18. ágúst 1969, óskaði Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður eftir því f. h. sóknaraðilja, Aðalheiðar Tryggvadóttur, Barónsstíg 59 hér í borg, að dánarbú föður hennar, Tryggva Siggeirssonar, Smiðjustíg 4 hér í borg, yrði tekið til skipta samkvæmt 4. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878, eins og segir í bréfinu. Þinghald var fyrst í málinu 23. september 1969, og lagði sóknaraðili þá þegar fram greinargerð og nokkur önnur skjöl. Lögmaður varnaraðilja lýsti þá þegar yfir, „að þar sem engar sannanir séu fyrir því hér í réttinum, að frú Aðalheiður, sem telur sig Tryggvadóttur, eigi rétt á nokkrum arfi úr þessu dánarbúi, þá krefst hann þess, að málinu verði vísað frá skiptaréttinum og krefst jafnframt málskostnaðar.“ Frávísunarkrafan var síðar sótt og varin, og gekk úrskurður um hana 30. janúar 1970, og var niðurstaðan sú, að frávísunarkrafan var ekki tekin til greina. Meðferð málsins hélt því áfram hér fyrir dóminum og gagna aflað af beggja hálfu, en nokkur dráttur hefur orðið á málinu, eða frá því í apríl 1971 til 14. febrúar s.l., vegna öflunar lögmanns sóknaraðilja á gögnum um rithandarsýnishorn, sem lögð hafa verið fram.

Málavexti kveður sóknaraðili þessa: Lilja Brandsdóttir, Grettis-
götu 8 í Reykjavík, fædd 22. maí 1889 í Króki í Hraungerðishreppi,
eignaðist hinn 10. nóvember 1912 dóttur, sem skirð var af presti
Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík hinn 24. febrúar 1913 og fékk
nafnið Aðalheiður. Við skírnina lýsti Lilja föður að barninu
Tryggva Siggeirsson, Laugavegi 13, Reykjavík, fæddan 19. júní
1892, og var faðernið bókað þannig í prestþjónustubókina. Síðan
hefur Aðalheiður ávallt nefnt sig og verið nefnd af öðrum Tryggva-
dóttir, þar á meðal í manntölum öllum og nú í þjóðskrá samkvæmt
lögum nr. 54/1962. Tryggvi Siggeirsson andaðist 14. mars 1967 og
lét eftir sig ekkju, Láru Guðlaugsdóttur, og hjónabandsbörn. Ekkj-
an lést í marsmánuði s.l.

Sóknaraðili hefur gefið svofellda aðiljaskýrslu í málinu, sbr.
dskj. nr. 7.

„Ég hefi frá öndverðu talið það sjálfsagt mál og engum vafa
undirorpið, að faðir minn væri Tryggvi Siggeirsson, Laugavegi
13 í Reykjavík. Var það fyrst eftir að hann féll frá, að mér varð
ljóst, að mótmæli kynnu að verða höfð uppi í því sambandi. Því
hugkvæmdist hvorki mér né öðrum að gera ráðstafanir, er gerðu
slík mótmæli óhugsandi. Hefðu þær ráðstafanir þurft að gera, með-
an viðkomandi aðilar voru enn á lífi.

Frá því ég man fyrst eftir, voru þau föðurforeldrar mínir, Sig-
geir Torfason og Helga Torfason, mér ákaflega góð, og var ég
ætíð velkomin á heimili þeirra. Þau sendu mér alltaf jóla- og af-
mælisgjafir.

Þegar spanska veikin 1918 lagði móður mína fárveika í rúmið,
kom Helga, amma mín, á hverjum degi til þess að hlúa að henni,
og þakka ég henni, að móðir mín komst á fætur aftur.

Ég get einnig getið þess, að eftir að ég stálpaðist, var það um
langan tíma, að ég fór á hverjum sunnudegi til frændfólks míns
á Laugavegi 13 og dvaldist þar eftirmiðdaginn allan.

Mörg fleiri dæmi gæti ég rakið, sem sýna, að ég var tekin sem
ein af fjölskyldunni.

Því hefi ég drepit á þessi atriði, að það e. t. v. skýrir hvers
vegna ég var aldrei í vafa um faðerni mitt og tel sjálfsagt mál,
að faðir minn, Tryggvi Siggeirsson, hafi alla tíð vitað, að ég var
skirð og skrifuð hans dóttir.“

Þá hefur sóknaraðili lagt fram á dskj. nr. 3—5 vottað úr Frí-
kirkjubók fæðingarvottorð (skírnarvottorð) og endurrit af fréttá-
klausu úr Morgunblaðinu, og hljóða skjöl þessi sem hér segir:

„Nr. 17 10/11 1912. Aðalheiður. Móðir Lilja Brandsdóttir, Grett-

isgötu 8, hún 23 ára. Lýstur faðir Tryggvi Siggeirsson verslunar-
maður, Laugavegi 13. Ljós móðir Jóhanna Þorsteinsdóttir. Skírnar-
vottar: Sveinn Einarsson, Kristján Snorrason.“ „Fæðingarvottorð:
Hér með vottast, að Aðalheiður Tryggvadóttir er fædd 10. nóv.
1912, skíð 24. febrúar 1913. Fæðingarstaður Reykjavík. Foreldrar
Tryggvi Siggeirsson og Lilja Barndsdóttir.“

„Morgunblaðið, 20. júní 1936.

Hjúskapur. Í dag verða gefin saman í hjónaband af síra Árna
Sigurðssyni ungfrú Aðalheiður Tryggvadóttir, Siggeirssonar kaup-
manns, og Dagbjartur Bjarnason, Grímssonar frá Stokkseyri. Heim-
ili ungu brúðhjónanna verður á Barónsstíg 59.“

Einnig hefur sóknaraðili lagt fram rithandarsýnishorn og álit-
gerðir um þau, og verður vikið að því síðar.

Báðir aðiljar hafa fært fram nokkur vitni í málinu, og verður
vikið að því helsta úr þeirra skýrslum.

Vitnið Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður, 67 ára, hefur gefið eft-
tífarandi skýrslu: Með vottorði á dskj. nr. 10 vottar hann, að hann
telji, að Tryggvi Siggeirsson, Smiðjustíg 4, Reykjavík, hafi alltaf
vitað, að Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59, Reykjavík, hafi
skrifað sig dóttur hans. Í vitnaskýrslu sinni bar hann, að hann
hafi þekkt Tryggva Siggeirsson frá því, að hann var ungur, og
tók fram, að móðir hans og Helga Torfason, móðir Tryggva,
hafi verið aldavinkonur og hafi hann og fjölskylda hans átt heima
á Grettisgötu 26, en hin fjölskylda á Laugavegi 13. Varðandi
kynni vitnisins af sóknaraðilja bar vitnið, að Jón Grímsson, sem
nú vinni hjá honum, sé stjúpfaðir hennar og hafi hann gifst móð-
ur stúlkunnar, þegar stúlkan var ung, og hafi verið náinn kunn-
ingsskapur milli fjölskyldu hans og fjölskyldu Jóns og hafi hann
vitað, að stúlkan væri kölluð Tryggvadóttir og væri kennd við
Tryggva Siggeirsson. Þá kvað vitnið, að Tryggvi heitinn hafi sjálf-
ur látið í ljós, svo hann heyrði, að sóknaraðili væri dóttir hans, og
skýrði frá eftirtífarandi: „Eitt sinn sat hann og Tryggvi heitinn á
veitingastað hér í bæ og voru að drekka úr einni vínflösku. Kom
þá framangreindur Jón Grímsson til þeirra og var að leita að vitn-
inu. Sagði Tryggvi þá sem svo: „Blessaður gefðu honum að smakka
á víninu og bjóddu honum að setjast, því hann hefur alltaf verið
svo góður við stelpuna mína“. Viðtal þetta kvað vitnið hafa farið
fram fyrir um 30 árum. Einnig bar vitnið, að hann hafi heyrt, að
Helga Torfason hafi alltaf greitt meðlag með Aðalheiði. Ekki kvaðst
vitnið hafa vitað um, hvort Tryggvi og Aðalheiður hafi umgeng-

ist hvort annað né hvort Lára, eiginkona Tryggva, hafi umgengist Aðalheiði.

Siggeir Einarsson, Grettisgötu 92, 76 ára, hefur einnig gefið vottorð um, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson hafi alltaf vitað, að sóknaraðili hafi skrifað sig dóttur hans, sbr. dskj. nr. 11. Í vitnaskýrslu sinni sagði vitnið, að árið 1923 hafi hann búið í sama húsi og fjölskylda Aðalheiðar að Njálsgötu 4, um eins árs skeið, og hafi hún þá verið 11 ára gömul og hafi hann þekkt hana síðan og að stúlkan hafi alltaf verið kölluð Aðalheiður Tryggva, og kvaðst vitnið hafa vitað, að hún væri kennd við Tryggva Siggeirsson. Ekki kvaðst vitnið vita til, að stúlkan hafi verið nefnd svo, þegar nefndur Tryggvi hafi verið viðstaddur, og vissi ekki til, að hann hafi komið inn á heimili Aðalheiðar. Þá kvaðst vitnið hafa vitað til, að Aðalheiður hafi fengið jóla- og afmælisgjafir frá Helgu Torfasen, Laugavegi 13, og hafi verið talað um, að gjafirnar væru frá ömmu stúlkunnar. Vitnið hafði vitneskju þessa aðeins af frásögn heimilisfólksins. Loks kvaðst vitnið eitt sinn hafa spurt Tryggva heitinn um, hvort hann væri faðir Aðalheiðar, en hann hafi ekki svarað því neinu.

Árni Tómasson hreppstjóri, Stokkseyri, 83 ára, hefur vottað, að hann hafi þekkt Lilju Brandsdóttur og dóttur hennar, Aðalheiði Tryggvadóttur, og að hann hafi aldrei heyrt annað en að Aðalheiður væri dóttir Tryggva Siggeirssonar, verslunarmanns hjá Kristjáni Siggeirssyni. Í vitnaskýrslu sagði vitnið, að Kristján Siggeirsson, bróðir Tryggva, hafi verið á sumrum á Reyðarvatni í Rangárvallahreppi, þegar hann var unglingur, en Tryggvi hafi verið á Barkastöðum í Fljótshlíð á sumrum. Reyðarvatn var þá heimih vitnisins og fjölskyldu hans. Vitnið kvaðst síðan hafa þekkt þessa bræður og að hann komi oft til Kristjáns, þegar hann sé hér á ferð. Þá kvað vitnið Lilju Brandsdóttur hafa verið kaupakonu að Reyðarvatni, þegar hún hafi verið ung stúlka, en þá hafi hann verið farinn að heiman. Þá skýrði vitnið svo frá, að Lilja Brandsdóttir hafi verið til heimilis í Hraunprýði árið 1913, en þá var vitnið á Stórahrauni í Eyrarbakkahreppi, og kynntist hann Lilju þá, og hafi þekkt hana síðan. Þá sagði vitnið, að Reyðarvatnsfólkið hafi að jafnaði gist hjá Helgu og Siggeir Torfasyni. Að gefnu tilefni sagðist vitnið ekki hafa heyrt neitt af fjölskyldu Tryggva tala um, svo að hann heyrði, að Aðalheiður væri dóttir Tryggva. Hins vegar kvaðst vitnið hafa heyrt, að Helga, móðir Tryggva, hafi greitt meðlag með Aðalheiði.

Í málinu liggur fyrir bréf frá Ágúst Þorvaldssyni alþingismanni, 63 ára, til stefnanda, sbr. dskj. nr. 16. Þar kemur fram, að Ágúst hafi verið uppalinn að nokkru leyti hjá móðurforeldrum stefnanda á Eyrarbakka og var þar til ársins 1916, en þá fluttu hjónin til Reykjavíkur, og fór Ágúst þá frá þeim. Þá segir þar:

„Veturinn 1911—12 var hún (þ. e. Lilja Brandsdóttir) í Reykjavík. Ekki þori ég að fullyrða neitt um það, hvar Lún var þar, hvort það var hjá Siggeir Torfasyni, kaupmanni, eða annarsstaðar, en á þessum vetri varð hún þunguð og síðan komst þú í heiminn. Föðurur að barni sínu nefndi hún Tryggva Siggeirsson, kaupmanns Torfasonar, en hann mun þá hafa verið piltur um tvítugt. Það minnir mig, að ég heyrði, að Tryggvi hafi verið tregur til að gangast við faðerni barnsins fyrst, en þó mun hann þegar á herti hafa viðurkennt að vera faðir þinn.“ Einnig segir þar:

„Flest af því, sem gerðist í lífi mínu á þessum árum, er nú fallið í gleysku hjá mér, en þó man ég glögg, að Helga, móðir Tryggva Siggeirssonar, kom í Hraunprýði til þess að finna þig og færa þér einhverjar gjafir, og stundum komu til þín sendingar frá henni, sem vöktu gleði og voru vel þagnar á fátæku heimili. Varla hefði Helga sýnt þér slíka ræktarsemi, ef hún hefði talið leika vafa á um það, að þú værir sonardóttir hennar. Til þess liggur sérstök ástæða, sem ekki kemur þessu máli við, hvað mér er alltaf vel í minni, þegar Helga kom til okkar í Hraunprýði á Eyrarbakka og sé hana jafnan fyrir mér: þéttvaxna, fyrimannlega og skörulega konu komna að því er mér finnst nokkuð yfir miðjan aldur. Man ég, að þessi heimsókn Helgu var Guðnýju ömmu þinni til gleði og að hún var mjög þakklát fyrir þá umhyggju og ræktarsemi, er heimsókn þessi bar vott um, en þá var það ekki lítil fyrirhöfn og óþægindi fyrir roska konu að ferðast frá Reykjavík til Eyrarbakka.

Aldrei heyrði ég nokkurn mann halda því fram, að móðir þín, sú mikla sæmdarkona, hefði rangfeðrað þig. Slíkt held ég, að allir, sem hana þekktu, hefðu talið óhugsandi.“

Loks segir Ágúst í bréfinu, að hann viti ekki, hvort faðir hennar, Tryggvi Siggeirsson, eins og þar stendur, hafi greitt hluta uppeldiskostnaðar kæranda, en vísar henni til Jóns Grímssonar, stjúpfaðir hennar, þar um.

Í vottorði Jóns Grímssonar, sem að framan er nefndur, segir svo: Dskj. nr. 17. „Ég undirritaður Jón Grímsson, stjúpfaðir Aðalheiðar Tryggvadóttur, lýsi því yfir, að þau hjónin Helga og Siggeir Torfason, Laugavegi 13, Reykjavík, greiddu meðlag með nefndri

Aðalheiði og sýndu henni og móður hennar, Lilju Brandsdóttur, sérstaka velvild og umhyggju, sem þau meðal annars sýndu í verki með því að koma í fermingarveislu Aðalheiðar og gefa henni veglega gjöf.“ Í vottorði Hróbjarts Bjarnasonar, bróður Dagbjarts Bjarnasonar, eiginmanns kæranda, segir, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson hafi alltaf vitað, að Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59, hafi skrifað sig dóttur hans, sbr. dskj. nr. 12. Loks segir í vottorði Guðrúnar Tómasdóttur, Háteigsvegi 26, Reykjavík: „Ég undirrituð hefi aldrei heyrt annað frá fyrstu tíð en að Aðalheiður Tryggvadóttir sé dóttir Tryggva Siggeirssonar, Laugavegi 13, Reykjavík. Jafnframt vil ég taka fram, að á æskuheimili mínu, að Reyðarvatni, þar sem Lilja Brandsdóttir, móðir Aðalheiðar, var kaupakona sumurin 1909—1911, var oft talað um það síðar, að Lilja hafi átt Aðalheiði með Tryggva Siggeirssyni. Rétt er að láta koma fram, að mikil vinátta og kunningsskapur var milli fjölskyldu minnar á Reyðarvatni og fjölskyldu Siggeirs Torfasonar, Laugavegi 13, Reykjavík.“ Sbr. dskj. nr. 15. Framangreindar skýrslur hafa verið staðfestar fyrir dómi, nema þrjár síðastgreindu, en öllum hefur þeim verið mótmælt af varnaraðilja.

Varnaraðili hefur einkum byggt afstöðu sína á eftirfarandi: Hann telur, að eigi sé vitað, að Tryggvi Siggeirsson hafi nokkru sinni fengið áskorun um að viðurkenna faðerni stefnanda samkvæmt þeim lögum, sem þá voru í gildi, og hafi honum því ekki verið gefinn kostur á að synja fyrir faðerni með eiði. Hins vegar sé fullyrt, að Tryggvi hafi aldrei greitt meðlag með stefnanda eða viðurkennt fyrir nokkrum manni, að hann væri faðir hennar. Verði því að álykta, að móðir stefnanda hafi ekki treyst sér til að fara í barnsfaðernismál. Þá hefur sóknaraðili bent á, að samkvæmt hæstaréttardómi í máli nr. 65/1919 (Hrd. I, bls. 46) virðist sú regla hafa verið, þar til lög nr. 46 frá 1921 tóku gildi, að fyrir lægi skýlaus játning fyrir faðerni eða dómur gengi í málinu, þar sem aðiljar gætu fært fram rök fyrir staðhæfingum sínum, en ekki hafi komið fram, að neitt slíkt hafi gerst í þessu tilfelli. Þá hefur verið bent á, að ekki sé upplýst, að neitt samband hafi verið milli kæranda og Tryggva Siggeirssonar, þótt þau ættu bæði heima hér í bænum samtímis um áratugi, og er þetta viðurkennt af kæranda, sbr. aðiljaskýrslu hennar.

Í málinu hafa gefið skýrslur Lára Guðlaugsdóttir, ekkja Tryggva Siggeirssonar, og dóttir hennar, Helga, og tengdadóttir, Lára Þorsteinsdóttir.

Engin þeirra sagðist þekkja kæranda neitt eða yfirleitt hafa

vitað neitt um hana, fyrr en þá eftir að Tryggvi var látinn, og aldrei hafi hún komið á heimili Tryggva, og Helga bar, að hún vissi ekki til, að kærandi hafi nokkurn tíma komið á heimili ömmu hennar og afa á Laugavegi 13. Frú Lára sagði, að maður hennar hefði aldrei minnst á það, að hann ætti óskilgetið barn, og aldrei hafi verið á það minnst á þeirra heimili, enda hefði hann ekki greitt meðlag með neinu slíku barni.

Málabúnaður lögmanns sóknaraðilja í máli þessu hefur einkum beinst að því að færa rök að því, að skjólstæðingur hans hafi verið löglega feðruð eftir þeim lögum, er þá giltu um feðrun óskilgetinna barna.

Eins og áður segir, var kærandi fædd 11. nóvember 1912, voru því lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, er giltu um feðrun slíkra barna, þar til lög nr. 87/1947 gengu í gildi, ekki komin til, en fyrir þann tíma er talið, að aðalákvæðið um þetta hafi verið í norskum lögum 6-13-5, en þar segir svo í ísl. útgáfu laganna:

„Sama er og ef maður leggst með annarri mey eða ekkju, sem áður hefur ekki fengið lauslætisorð. Ef hann þrætir fyrir að hafa gjört það og hún getur eigi sannað það upp á hann, þá skal bera það af sér með eiði“. Samkvæmt þessu ákvæði telur lögmaður kæranda, að í þá tíð hafi ekki verið krafist ákveðins forms fyrir sönnun faðernis slíkra barna, því það felist í tilvitnaðri lagagrein, að barn skuli talið feðrað, ef lýstur barnsfaðir, vitandi um faðernislýsinguna, mótmælir henni ekki beinlínis, en ef hann hins vegar beri fram mótmæli, þá komi réttarfarsákvæði greinarinnar til.

Með lögum nr. 46/1921 voru N.L. 6-13-5 felld úr gildi, sbr. 45. gr. laganna. Samkvæmt II. kafla þeirra gat feðrun orðið með tvennum hætti: Viðurkenningu lýsts barnsföðurs eða með dómi. Samkvæmt 4. gr. skyldi viðurkenningin gerð „fyrir presti eða valdsmanni bréflega eða vottfest“. Fengist slík viðurkenning ekki, var ekki önnur leið en að höfða barnsfaðernismál. Í 44. gr. síðastgreindra laga segir svo: „Nú er óskilgetið barn fætt áður en lög þessi gengu í gildi, og fer þá um barnið samkvæmt þeim, frá þeim tíma.

Þó fer framfærsluskylda föður (meðlagsskylda) gagnvart barninu, nema um hana sé samið, og skylda hans gagnvart móður þess eftir áðurgildandi lögum“. Telur sóknaraðili, sem fallast má á, að feðrun barna, sem fædd séu fyrir gildistöku laganna, hafi átt að fara eftir aðalreglunni í 1. mgr., en ekki undantekningarregl-

unni í 2. mgr. Hins vegar telur hann, að ekki hafi þurft til þess að koma með börn, sem þegar voru löglega feðruð, þegar greind lög tóku gildi, því slík afturvirkni laga komi ekki til greina, og verður að fallast á það með kæranda. Sama máli gildir að sjálf-sögðu um núgildandi lög um sama efni nr. 87/1947. Ekki þykir ástæða til að rekja hér, hvernig erfðaréttur utanhjónabandsbarna hefur þróast, en aðeins athugast, að fyrir gildistöku laga nr. 46/1921 var meginreglan sú, að slík börn höfðu engan erfðarétt eftir föður sinn. Hins vegar hafa slík börn nú óskoraðan erfðarétt, sbr. 1. gr. núgildandi erfðalaga nr. 8/1962, en þar segir: „Óskilgetið barn erfir föður og föðurfrændur og þeir það, ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn.“ Samkvæmt þessu telur stefnandi, að það sé skilyrði fyrir erfðarétti óskilgetins barns eftir föður, að það sé feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn, en þetta ákvæði beri að túlka þannig, að átt sé við löggjöf þá, er gilt hafi, þegar barn var feðrað, og verður að fallast á það álit, eða í þessu tilfelli eftir N.L. 6-13-5. Hins vegar verður ekki fallist á það með kæranda, að barnsmóður slíkra barna væri nægilegt að lýsa mann föður við yfirlögd, en síðan hafi manninum borið að hrinda þeirri yfirlýsingu með máls-sókn og eiðvinningu. Af ýmsum gögnum má ráða, að gangur þess-ara mála hafi verið sá, að ef viðkomandi maður ekki hefur viljað gangast við faðerninu eða greiða meðlag með barninu, þá hafi móðirin eða framfærandi barnsins orðið að höfða mál til að fá rétt sinn staðfestan, sbr. Einar Arnórsson: Dómstólar og réttarfar, bls. 586-7. Í Tyro juris, eftir Svein Sölvason, bls. 302, útg. 1799, segir: „Þegar ein vill gánga frá barnsfaðernis Lýsingu, þá er Plagsiður að uppáleggja hönum Eið, nær Konan getur ei bevísað sína Lýs-ing. N.L. 6.B. 13. kap. 5. Art.“ Sama sýnist dómara t. a. m. dómur í Lyr. 20. 12. 1873 og Hrd. I. 6, bls. 46 og áfram, og Deuntzer Dansk Familieret, útg. 1899, bls. 321 og áfram. Í þessu máli liggja hvorki gögn fyrir um það, að Tryggvi Siggeirsson hafi viðurkennt fað-erni kæranda né greitt meðlag með henni. Breytir ekki þeirri niðurstöðu þau vottorð og vitnaskýrslur, er kærandi hefur fram fært, hvorki varðandi það, að Tryggvi hafi talið sig föður kæranda né að foreldrar hans hafi greitt meðlag með henni, enda verður að telja þrátt fyrir greindar skýrslur, að ósannað sé, að foreldrar Tryggva hafi greitt meðlag með kæranda. Ekki er heldur upplýst um, að reynt hafi verið að fá staðfestingu á feðerni kæranda fyrir dómstólum.

Undir rekstri málsins var lagt fram af hálfu kæranda póstkort,

stílað til hennar, undirritað þín amma, sbr. dskj. nr. 8, og ljósrit úr prestþjónustubók Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, þar sem nafn Helgu Torfason, móður nefnds Tryggva Siggeirssonar, er undirritað. Sóknaraðili hefur með framlagningu þessara skjala og greinargerðar um rithendur á þeim viljað færa rök að því, að Helga Torfason hafi viðurkennt kæranda sem barnabarn sitt, og hefur í því skyni leitast við að sanna, að Helga hafi skrifað á kortið á dskj. nr. 8. Í þeim tilgangi fékk kærandi útnefnda tvo skoðunar- og matsmenn 26. nóvember 1970, en þeir skiluðu engu áliti vegna þess, að þeir töldu rithandarsýnishornin ekki nægileg. Síðan leitaði kærandi til tveggja sérfræðinga í Bretlandi eftir upplýsingum frá breska sendiráðinu hér. Niðurstöður þessara skýrslna eru sem hér segir: Þeirrar fyrri, sbr. dskj. nr. 26 og 27. Í niðurlagi skýrslunnar segir (þýðing): „Einstök atriði eru borin saman, og heildarathugun sýndi, að enda þótt úr mjög takmörkuðu efni væri að vinna og úr ljósritum, en ekki frumritum, þá var hægt að láta í sljós skoðun á því, hver höfundur væri, og fer hún hér á eftir. Skoðun mín er sú, að enda þótt úr mjög takmörkuðu efni væri að vinna, hafi rithandarsýnishornið einnig verið skrifað af þeim, sem undirskrifaði nafnið Helga Torfason á sérstakt skjal.“

Í síðari skýrslunni, sbr. dskj. nr. 30 og 31, segir svo (þýðing): „Háður því, sem áður greinir, hef ég gert nauðsynlegan samanburð, og að mínu viti eru allsterkar líkur fyrir því, að rithendurnar tvær séu hin venjulega rithönd sömu persónunnar.“

Samkvæmt þessum álitsgerðum og öðrum atvikum málsins verður að telja, að sterkar líkur séu fyrir, að Helga Torfason hafi skrifað á nefnt póstkort til kæranda, en ekki getur það skorið úr í þessu máli.

Undir rekstri málsins hefur sóknaraðili leitast við að sanna, að Tryggvi heitinn Siggeirsson hafi vitað, að kærandi kenndi sig við hann, og hefur tekist að færa að því allsterkar líkur, að svo hafi verið, m. a. með framlagningu ýmissa vottorða úr opinberum skýrslum og frétt úr viðlesnu dagblaði og úrdrætti úr prentaðri bók, og má segja, að líkurnar séu fyrir því, að Tryggva hafi verið þetta kunnugt, en ekki getur það þó skorið úr í þessu máli. Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, hefur ekki verið í ljós leitt, að kærandi hafi verið feðruð á lögmætan hátt, hvorki fyrir gildistöku laga nr. 46/1921 né síðar, og verður því ekki unnt að taka kröfu hennar til greina. Rétt þykir að láta málskostnað falla niður.

Úrskurð þennan hafa kveðið upp Sigurður M. Helgason borgar-

fógeti ásamt samdómsmönnum Gunnlaugi Briem sakadómara og Rannveigu Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanni.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Aðalheiðar Tryggvadóttur, um, að við-urkenndur verði erfðaréttur hennar í dánarbú Tryggva Sig-geirssonar, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. mars 1974.

Nr. 156/1973: Ákærvaldið

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Þórarni Jónassyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Tékkamisferli. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 73/1973 ber að leggja allan kostnað af áfrýjun sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkis-sjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda